

Hádegiserindi á landsþingi Kvænnalistar:

Umur Dis Blaptudóttir

Rannsóknin míni fjallar um um þær breytingar sem verða á kynhlutverkum við sjávarsíðuna samfara þéttbylismyndun og iðnþróun allt fram til dagsins í dag.

Eg mun einungis stikla á stóru á þessum stutta tíma til að gefa smá innsýn inni þær spurningar sem ég spyr í rannsókninni.

I hugum margra eru sjávarútvegurinn fyrist og fremst tengdur sjómennskunni. Við erum fiskveiðibjóð og það er mikil rómantík í kringum allt sem tengist veiðunum sjálfum. Við erum stolt af sjómönnum þegar þeir takast á við hremmingar á hafi úti og mikið af vinsælum söngtextum fjalla um þessar hetjur hafssins. Það hefur hins vegar lítið farið fyrir þeim störfum sem fram fara í landi og sem konur sinná þar.

Spurningar og viðfangsefni mannfræðinga, eins og annarra fræðimanna, eru alltaf að einhverju leiti afsprengi þeirra samfélaga sem þau eru sprottin úr - og meðal annars þess vegna var þetta einnig áherslan í rannsóknum fræðimanna á fiskveiðisamfélögum. Mannfræðingar rannsókuðu þannig til langa tíma fyrist og fremst allt það sem viðkom sjómennskunni og veiðunum, eins og skipulagningu veiðanna, tækni og fleira þess háttar. Með auknum kvennarannsóknum og sérstaklega á áttunda áratugnum hefur framlag kvenna í landi verið tekið með inni myndina. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar sýna að í flestum fiskveiðisamfélögum hafa konur gegnt mikilvægum hlutverkum sem eru nauðsynleg til viðhalds þeirra og fyrir sjávarútveginn.

Það hefur verið nokkur áhersla á það í þessum rannsóknum að það sem konur í fiskveiðisamfélögum eigi helst sameiginlegt er meira sjálfstæði og völd en í annars konar samfélögum. Þessi styrkur er talin vera afleiðing þess að þær þurfa að sjá um svo margt sjálfar án eiginmanna sinna og vegna þess hve mikil þátaka þeirra í framleiðslunni hefur verið.

Þetta er oft talið skyra styrk íslenskra kvenna. En gefur betta sjálfstæði og ábyrgð konum einhver völd út í samfélagini, þegar við lítum á pólitísku, efnahagslega þætti og ríkjandi hugmyndir?

Mannfræðingar sem hafa rannsakað hlutverk kynjanna hafa lagt ^{þekkt annan} áherslu á það að skoða stöðu þeirra á heimili. Að staða kvenna á vinnu markaði mótið meðal annars af stöðu þeirra á heimili og hvernig heimilið tengist efnahagslífinu. Það sem er að gerast á þeim tíma sem ég fjalla um í rannsókn minni þ. e. þessi öld eru þessi tvö svið að verða sífellt aðskildari.

Hvort, og þá hvernig konur fara út á vinnumarkaðinn skýrist meðal annars af tengslum þessara tveggja sviða.

Breytingar sem verða á stöðu kvenna við þéttbylismyndun:

I bændasamfélagini á Íslandi fyrr á Öldum voru ákvæðin störf skilgreind sem kvennastörf en önnur sem karlastörf. Verkaþipting kynja var því nokkuð skýr en þó fór það bæði eftir efnahag og stærð heimilis hversu vel þessu var framfylgt. Kvennastörf voru til dæmis flest innanhússtörf, barnauppeldi og umönnununarstörf þær sáu líka yfirleitt um kýrnar. Karlmenn sáu meira um útistörf og kindur og um veiðar. Út frá viðtöllum mínum og öðrum þeim

heimilidum sem ég hef aflað mér synist mér að á efnaminni heimilum hafi verka skipting ekki verið eins skýr. "Maður gerði bara það sem þurfti að gera". Það var líka algengara að konur gengu í karla störf, sérstaklega þar sem karlar fóru tímabundið í burtu til ^{venf} veiða og konurnar sáu um búskapinn á meðan. Aftur á móti var minna um að karlar fáru í kvennastörf...

Framleiðslan fór fram á heimilunum og konan var í miðju framleiðslunnar. A betri heimilum tóku þær ekki einungis þátt í framleiðslu heldur höfðu þær mannaforrás - höfðu yfir umsjón með vinnu annara kvenna. Vinnukonur höfðu almennt lengri vinnudag en vinnumenn en fengu helmingi lægri laun. Þar að auki þurftu þeir að þjóna vinnumönnum.

Þegar þéttbylið myndast við sjávarsíðuna, þá verður ekki grundvallarbreyting á heimiliðgerð um leið heldur gerist það smátt og smátt. Heimilið heldur (sums staðar) áfram að vera framleiðslu og neyslu eining að einhverju leiti. Konur halda áfram að sinna heimilið og umönnunar störfum. Frá upphafi sjávarþorpa gegndu konur mikilvægum hlutverkum í framleiðslu. Fiskvinnsla bætist við önnur húsverk í kringum heimilin, og konur fara líka að vaska og breiða fisk fyrir kaupmenn. Ein níræð kona á Neskaupstað (sem var eiginkona bátseiganda) lysir því þannig:

"Konur unnu ekki úti á þeim tínum, en við vöskuðum og purrkuðum fiskinn hér í kringum húsin, það voru líka heimilisstörf"

A þessum tíma var báturinn eins konar framlenging af heimilinu á Neskaupstað. Húsin voru byggð niður við sjó og bryggjan og báturinn í framhaldi af því. Flest heimili voru líka með einhver húsdýr. Eiginkonur á slíkum heimilum gegndu álika hlutverkum og húsfreyjur á sveitabæjum að því leiti að þær höfðu yfir umsjón

(Y)

með heimilisstörfum og vinnu vinnukvenna. Það var líka algengt að þeir menn sem ráðnir voru á báttinn byggju á heimilinu eða væru að minnsta kosti í fæði. Þetta þyddi aukna vinnu fyrir konur bæði við matartilbúning og við þvotta.

A sama tíma eru líka heimili sem ekki áttu bát og konur á þessum heimilum sem voru annað hvort giftar sjómönnum eða öðrum verkamönnum eða ekkjur ~~þurðu~~ að fá sér vinnu utan heimilis. Það kom fram í nokkrum viðtölum að dætur þeirra voru oft um 10 ára aldur farnar að axla mikla ábyrgð, bæði við heimilstörf og barnapössun. Það var líka nokkuð um það að þessar konur tæku börn með sér til vinnu.

Ein þeirra lýsir því svona:

"Eg byrjaði ekkert að vinna úti fyrr en yngsta döttir míن var fjögurra ára gömul og ég gat tekið hana með mér í fiskvinnu. Fyrir þann tíma var algengt að fólk bæði mig um að koma og þrífa hjá sér húsin og þvo þvotta. Eg greyp auðvitað svoleiðis tækifæri. Eg var líka eins og grár köttur á skrifstofum og á öðrum almennings stöðum að skúra gölf. Maður hafði allar klær úti."

Tökum eftir því að hún telur sig ekki hafa byrjað að vinna úti fyrr en hún fer í fiskinn, þó hefur hún við nánari athugun alltaf unnið við þrif og þvotta. Þetta viðhorf varð ég einnig vör við hjá yngri konum.

Laun þessara kvenna halda áfram að vera mikið lægri en laun karla.

Framleiðsan fer síðan í auknu mæli út af heimilunum, og sú vinna sem eftir er innan heimilana er ekki lengur flokkuð sem vinna.

Pegar við lítum á þessar breytingar og þær sem verða með aukinni iðnvæðingu sjáum við að það er ekki hægt að halda því fram að staða kvenna batni eða versni eingöngu. Staða þeirra breytist, eins og í öllum þjóðfélagsbreytingum byggir það nyja alltaf að einhverju leiti á því eldra og það eru alltaf einhverjur þættir sem halda áfram og aðrir sem breytast. Staða þeirra mótaðst bæði af nyjum viðhorfum og af gömlum hefðum.

Staða margra kvenna vænkaðist miðað við það sem áður var.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þó að konur hafi gegnt mikilvægu hlutverki í framleiðslunni í bændasamféluginu þá þyðir það ekki að það hafi gefið þeim völd þó svo að þær hafi kannski geta beitt áhrifum sínum innan heimilis, sérstaklega ef þær voru húsmæður á betur settum heimilum og höfðu mannaforrás.

~~Það er sérstaklega tvennt sem takmarkaði völd kvenna í bændasamféluginu, í fyrsta lagi voru konur ekki fjárráða fyrr en 1861 að ógiftar konur 25 ára og aldri urðu fjárráða og ekkjur. Giftar konur urðu ekki fjárráða fyrr en um aldamótin.) f. öðru lagi höfðu karlar umráðarétt yfir börnum. Það er óætluð farið til konungardeildar~~

Margar konur bjuggu á minni heimilum og aðrar höfðu ekki lagalegan rétt vegna hjúskapar og efnahagslegrar stöðu til þess að stofna eigið heimili. Fyrir þessar konur var flutningur í þéttbylið ný tækifæri og möguleiki að að stofna eigið heimili...

Konur héldu áfram að vera valdalitlar eftir að í þéttbylið kom en þær urðu ekki valdaminni.

I kreppunni missa íslendigar saltfiskmarkaði og þá missa konur vinnu sína við saltfiskverkun. Eitt af því sem ég hef áhuga á að athuga í rannsókn minni er af hverju konur sætta sig við þetta. Af hverju sjá þær sig ekki sem atvinnulausar nema

kannski þær alverst stöddu? Þó að frystihúsini fari að aukast til muna um og eftir 1940 er vinna kvenna þar árstiðarbundin.

(Binnig hafði vinnukonum sífellt fækkað frá byrjun aldariðarinnar)...
Það er í tengslum við þessar breytingar sem hún nyja húsmóður í mynd kemur fram. Húsmóðirin sem er heima og utan framleiðslunnar. (og eins og áður byggja breytingar bæsi á nýju því sem fyrir er.)

Siðan vil ég halda fram að húsmæðraskólnir hafi ekki einungis gengt því hlutverki að kenna konum að reka heimili sín án vinnukvenna heldur hafi þeir um leið átt bátt í því að kenna konum hið nyja hlutverk sem meðal annars fölst í því að bera ábyrgð á andlegri velferð fjölskyldunnar.

Sigrún P. Blöndal skólastyra á Hallormstað lagði áherslu á í erindi sem hún flutti 1926 að eðlishvöt kvenna sé í nánara sambandi við tilfinningalífið en skynsemina. Hún segir að það sem hefur verið talin kennlegur verkahringur þarfnið fyrst of fremst þeirra eiginleika sem eru einkenni eðlishvatarinnar. Konum sé því best að ráða sig í vist þar sem þær geti best undirbúið sig undir lífsstarf sitt sem mæður og húsmæður.

Kvennfélögini sem voru mjög vinsæl á þessum tíma lögðu líka mikla áherslu á húsmóðurstarfið sem grundvöll að góðu fjölskyldulífi sem var síðan aftur grundvöllur að heilbrygðu samfélagi. Flestar þær konur sem ég talaði við höfðu verið mjög virkar í kvennfélögunum. Kvennfélögini börðust meðal annars fyrir því að handavinna og matreiðsla yrðu skildugreinar fyrir allar stúlkur. Í tímaritum þeirra var meðal annars fjallað um hina andlegu hlið húsmóður starfsins, uppbvott, barnauppeldi, matreiðslu og einnig um hvernig bregðast mætti við